

**Ed.**

**463. Frumvarp til laga**

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 26 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslur gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafn vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Í reglum, sem dómsmálaráðherra setur samkv. 5. málsg. 42. gr., má heimila, að bókanir í þingbók um töku vitnaskýrslu verði felldar niður að hluta eða að fullu. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra framkvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu, eða að loknum hlutum hennar, getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið áritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.